SJÚKÁST

Ath. Þar sem fræðslan fer fram með ólíkum hætti á milli grunnskóla, framhaldsskóla og félagsmiðstöðva eru hér aðeins efnisgreinar um Sjúkást verkefnið og fræðslupakkann. Þið getið svo sniðið það að foreldrabréfi eins og ykkur hentar eftir fyrirkomulagi fræðslunnar hjá ykkur.

Sjúkást er forvarnaverkefni Stígamóta um kynbundið ofbeldi og óheilbrigð samskipti, og beinist að ungu fólki upp að tvítugu. Verkefnið fór af stað árið 2018 og hafa sex herferðir í tengslum við það litið dagsins ljós. Markmiðið er að fræða ungmenni um mörk og samþykki með það að leiðarljósi að útrýma kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi. Áhersla er lögð á að hjálpa ungmennum að þekkja muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum, sem og að ungt fólk sé fært um að taka ábyrga afstöðu til kynlífs og kláms. Átakið í ár byggir á spurningum sem hafa komið frá ungmennum í gegnum Sjúkt spjall en það er nafnlaust netspjall um sambönd, samskipti og ofbeldi sem opnaði í fyrra. Þar geta ungmenni, 20 ára og yngri, talað við fagaðila í trúnaði en spjallið er opið þrjú kvöld í viku og má finna á heimasíðu verkefnisins www.sjukast.is

Sjúkást hefur átt gott samstarf við Samfés um fræðslu fyrir unglinga í efri bekkjum grunnskóla. Starfsfólk Stígamóta hefur útbúið fræðslupakka um mörk, samþykki og kynferðislega áreitni sem felst í 40-60 mínútna fyrirlestri, stuttum myndböndum og umræðum. Starfsfólk félagsmiðstöðva og ungmennahúsa um allt landa hefur fengið fræðslu og þjálfun frá Stígamótum í að nota pakkann með sínum krökkum.

Sjúkást (e. Crazy Love) is a prevention programme on gender based violence aimed at young people up to 20 years old, developed by Stígamót – education and counselling center for survivors of sexual violence. The programme was launched in 2018 and has executed six annual awareness raising campaigns. The goal is to educate teenagers on boundaries and consent with the objective to eradicate gender based violence. The focus is on helping young people understand the difference between healthy, unhealthy and violent relationships as well as being able to make responsible and informed decisions regarding sex and pornography. This year the campaign is based on questions that young people have asked through our new online chat Sjúkt spjall, an anonymous chat about relationships, communication and violence that opened last year. The chat is for youth aged 13-20, where they can ask trained counsellors questions in confidence. The chat is open 3 days a week and is accessible on our home page www.sjukast.is.

Sjúkást has collaborated successfully with Samfés (Youth Work Iceland) on seminars for 8th to 10th grade students. The staff at Stígamót has produced a toolkit to help execute the seminars which consists of a 40-60 minutes long lecture, short videos and discussions. Youth workers from all over Iceland have received guidance on how to conduct the seminars with teenagers in their respective youth centers.